

Alþingi
Erindi nr. P 140/176
komudagur 12.11.2011

Til nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Umsögn Vesturlandsskóga um þingsályktunartillögu um græna hagkerfið.

Vesturlandsskógar fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, þingskjal 7 - 7. Mál (Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012.). Aðeins verða gerðar almennar athugasemdir við tillöguna eins og hún nú liggur fyrir.

1. Við undrumst, að skógrækt er vart nefnd í tillögunni, þrátt fyrir að nefndarmenn hafi á fyrri stigum í vinnslu tillögunnar talið ástæðu til að taka umfjöllun um skógrækt inní hana, að fengnum athugasemdum þar að lútandi. Í tillögunni er hins vegar óþörf áhersla á alls kyns „grænar vottanir“, sem ber vott um yfirborðsmiðaða hugsun.
2. Hefðbundinn landbúnaður á Íslandi fær kaldar kveðjur í tillögunni, því öll áherslan á vottanir og „lífræna ræktun“ gefur undir fótinn þeim ranghugmyndum, að hefðbundinn landbúnaður á Íslandi framleiði ekki undantekningarlaust vel neysluhæfar vörur í dag. Hins vegar mætti vissulega bæta um betur í hefðbundnum landbúnaði með því að almenna reglan yrði vörsluskylda á búfé. Þar með væri tryggt, að útbreiðsla skóga myndi aukast með ódýrum hætti og jarðvegsauðlindin vaxa.
3. Ísland er stórt land og strjálbýlt. Við gætum ræktað jafnmikinn nytjaskóg að flatarmáli þr. íbúa, eins og er í Finnlandi. Trjávöxtur er að jafnaði ekki síðri í íslenskum skógum en finnskum. Í Finnlandi er skógurinn jafnmikilvægur grundvöllur efnahagslífs og fiskimiðin fyrir Íslendinga. Því er ljóst, að Íslendingar gætu ræktað hér á landi nytjaskóga, sem myndu skjóta nýrri, sjálfbærri stoð undir efnahagslíf þeirra um ókomna tíð.
4. Því fer fjarri, að skógrækt sé í andstöðu við hagsmuni ferðaþjónustunnar eins og stundum heyrir. T.d. eru skógar í Evrópu endalaus uppspretta afþreyingar og hollrar útiveru, bæði fyrir heimafólk og ferðamenn. Viðhorfskannanir meðal ferðamanna á Íslandi hljóta eðlilega að spegla markaðssetningu ferðaþjónustunnar á erlendri grundu.

Greinargerð:

Skógur er endurnýjanleg auðlind og skapar mikilvægt hráefni í ýmiss konar iðnað og er talið, að afurðir hans muni t.d. reynast vel við framleiðslu á endurnýjanlegu fljótandi eldsneyti.

Skógur, sem upp vex á skóglausu landi, veitir ýmsa umhverfisþjónustu, umfram það sem skóglaut land gerir. Dæmi: Skógur dregur úr flóðatoppum og miðlar vatni í ár og læki langt fram á þurrkatímabil. Skógur hreinsar mengunarefni og aurburð úr vatni og eykur fiskengd, bæði í ferskvatni og sjó. Þekkt er þýðing skóga fyrir framleiðni í hafinu úti fyrir ströndum Japans. Skógur

bindur jarðveg og bætir hann. Þannig gæti stóraukin skógrækt á Íslandi reynst gifturík aðferð til þess að bæta við jarðvegsauðlindina á örfoka og/eða rýrum landsvæðum og einnig til að geyma ræktanlegt land til þeirra tíma, er not verða fyrir það til akuryrkju. Megnið af akurlendi heimsins var eitt sinn skógur, sem var felldur eða brenndur til að skapa rými fyrir akuryrkju. Þeir sömu og telja skógrækt ógna matvælaöryggi Íslendinga, telja sumir aukinn ásetning kvikfjár bestu leiðina til að auka matvælaöryggi á Íslandi. Þetta er hugsanaskekkja. Nær væri að draga úr ásetningi þess búpenings, sem í dag ofnýtir rýrlendi og auðnir Íslands og stuðla þannig að aukinn frjósemi jarðvegs og meiri gróðurþekju, sem hvorttveggja myndi í framtíðinni, ásamt skógrækt, gera landið beitarhæfara, þ.e. auka matvælaöryggi til framtíðar.

Sem vettvangur hollrar útiveru stuðla skógar að bættri lýðheilsu. Aukin útbreiðsla skóga á Íslandi væri því leið til að draga úr kostnaði samfélagsins af völdum sjúkdóma.

Síðast en ekki síst: Skógur, sem upp vex á skóglausu landi, bindur koltvísýring. Fyrir því eru gild rök, að með því að afstýra of mikilli skógareyðingu í regnskógum hitabeltisins, með því að meðhöndla skóga rétt með tilliti til kolefnisbindingar og með því að rækta nýja skóga á svæðum með kald- og heittempruðu loftslagi (þ.m.t. á Íslandi) megi minnka fórnarkostnað jarðarbúa við að halda hlýnun loftslags innan 2°C markanna á þessari öld um helming, miðað við það að beita eingöngu niðurskurði á losun gróðurhúsalofttegunda, sbr. Brent Sohngen 2010 í ritinu „Smart Solutions to climate change“, sem ritstýrt var af Björn Lomborg. Þar eru engir smáaurar í húfi!

Að lokum: UNEP (UN Environment Programme) hefur gefið út smárit í tilefni af því að nú er ár skóga. Ritið ber heitið: „Skógar í Grænu Hagkerfi“. Efni ritsins krystallast vel í eftirfarandi orðum: „Efnahagsframfarir og lýðheilsa þarfnast heilbrigðra skóga.“ Jafnframt er fjölbreytt umhverfisþjónusta skóga að sjálfsögðu samviskusamlega tíunduð í þessu vandaða riti.

Virðingarfyllst, fh. Vesturlandsskóga, Hvanneyri 11. nóvember 2011,

Sigvaldi Ásgeirsson.